

Verksamningur

1. gr.

Við undirritaðir _____
kennitala: _____, heimilisfang: _____
hér eftir nefndur verkkaupi
og _____
kennitala: _____, heimilisfang: _____
_____ meistari, hér eftir nefndur verktaki gerum með okkur eftirfarandi
VERKSAMNING.

2. gr.

Verktaki tekur að sér að:

Verkið skal unnið í samræmi við þau gögn sem nefnd eru í 3. gr.

3. gr.

Verkið skal unnið í samræmi við eftirtalin gögn:

1. Útboðsgögn og verklýsingu dags. _____
2. Teikningar _____
3. Tilboð verktaka _____
4. Íslenskan staðal ÍST 30
5. Framlagða verkáætlun dags. _____
6. Að öðru leyti skal verkið unnið í samræmi við gildandi lög og reglugerðir á hverjum tíma.

4. gr.

Fyrir verkið greiðir verkkaupi verktaka kr. _____
með þeim breytingum sem samningsgögn gera ráð fyrir, þ.e.

Innifalið í samningsverðinu er:

Allur efniskostnaður, kostnaður við vinnu, vélar, áhöld, vinnuáðstöðu,
tryggingar, flutninga o.s.frv. svo og öll þau lög- og samningsbundin gjöld sem
leiða af því að hafa menn og tæki í vinnu og selja efni og vinnu. þ.m.t.
virðisaukaskatt.

5. gr.

Samningsfjárhæðina greiðir verkkaupi samkvæmt ákvæðum í útboðslýsingu:

Verktaki getur lagt fram reikninga fyrir verkið á _____ daga/vikna fresti.
Samþykki verkkaupi/umsjónarmaður reikningana verða þeir greiddir innan
_____ daga/vikna frá framlagningu.

Verkkaupa er heimilt að halda eftir 5% af hverjum reikningi sem geymslufé meðan á verkframkvæmdum stendur og verður geymslufé þetta greitt verktaka _____ dögum/vikum eftir að lokaúttekt hefur farið fram og verktaki telst hafa fullnægt skyldum sínum samkvæmt samningi þessum.

Geymsluféð er verðtryggt með sama hætti og aðrar greiðslur skv. verksamningi. Ákvæði greinarinnar eiga ekki við ef aðilar leggja fram framkvæmdatryggingu skv. 7. gr samnings þessa.

6. gr.

Til tryggingar því að aðilar standi við skyldur sínar samkvæmt samningi þessum, skal hvor um sig leggja fram tryggingu. Upphæð tryggingarinnar skal nema 10 % af samningsfjárhæðinni. Í tryggingarskjalinu skulu tilgreind skilyrði þess að samningsaðilar geti leyst til tryggingarféð til sín.

7. gr.

Verktaki skal vinna þau breytinga- og/eða aukaverk sem verkkaupi/eftirlitsmaður óskar eftir, enda sé verktaka það mögulegt vegna annarra verka sem hann kann að hafa tekið að sér. Verkkaupi skal greiða verktaka allan kostnað sem af þessum breytinga- og/ eða aukaverkum leiðir. Allar yfirlýsingar um breytingar skulu vera skriflegar, svo og kröfugerð og samningar. Með breytinga- og/eða aukaverkum er átt við verkliði sem ekki eru tilgreindir í magntöluskrá.

Ef ófyrirséðar breytingar verða á verkinu ss. breytingar á magntölum skal verktaki tafarlaust tilkynna verkkaupa/umsjónarmanni um þær breytingar. Verkfundi skulu haldnir á _____ daga/vikna fresti. Verkfundi skulu sitja einn fulltrúi verkkaupa, einn frá verktaka og eftirlitsmaður.

8. gr.

Verktaki skuldbindur sig til að hefja verkið

_____ skal því lokið

Dragist verklok fram yfir tilsettan tíma skal verktaki greiða verkkaupa féviti, sem nemur kr. _____ fyrir hvern almanaksdag sem verkið dregst fram yfir umsamin verklok.

9. gr.

Verktaki skal vera ábyrgðatryggður fyrir því tjóni sem hann eða starfsmenn hans kunna að valda verkkaupa eða öðrum á meðan á verkinu stendur.

10. gr.

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum, einu fyrir hvorn samningsaðila. Rísi mál út af samningi þessum skal reka það fyrir Héraðsdómi Norðurlands eystra.

11. gr.

Annað sem aðilar vilja taka fram:

Staður

Dags.
